



Fréttabréf Naustaskóla

2. tölublað, 7. árgangur, 2. febrúar 2014

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Skólupúlsinn - könnun

Núna á næstu dögum mun stórum hluta foreldra við skólann berast póstur þar sem beðið verður um þátttöku í könnun á vegum Skólupúlssins. Þessi könnun er árlegur viðburður, ekki taka allir þátt á hverju ári heldur einungis þeir sem dregnir eru út í úrtaki. Því er mikilvægt að þeir sem lenda í úrtakinu bregðist vel við og taki örugglega þátt en með því fáum við afar mikilvæga aðstoð við að leggja mat á starfið í skólanum og ákveða áherslur í þróun og umbótum fyrir næstu mánuði.

Nemendadagurinn

Ein af þeim hefðum sem hefur myndast í skólanum okkar er Nemendadagurinn en það er sá dagur skólaársins þar sem nemendur taka alfarið völdin í skólanum og skipuleggja starfið eftir eigin höfði. Að þessu sinni ber nemendadaginn upp á föstudaginn 21. febrúar. [Þann dag lýkur skólastarfi kl. 11:30, nemendur fara þá í mat og fara svo heim að því loknu.](#)



Kæra skólasamfélag

Nú er sólin tekin að hækka á lofti og fyrr en varir verður komið vor, öllum að óvörum. Það er því eins gott að halda vel á spilunum og nýta tímann vel til að læra sem mest! Það er ýmislegt framundan hjá okkur í febrúar en eitt það fyrsta sem foreldrar verða varir við er að matsmökkunin skila sér heim í næstu viku. Það er í þriðja skipti sem möppurnar koma fyrir sjónir foreldra í vetur en alls er ætlunin að það gerist fimm sinnum, þ.e. næst í byrjun apríl og síðan í lok maí. Í afar stuttu máli er markmiðið með þessu að gefa foreldrum innsýn í nám barna sinna, að hvetja til þess að foreldrar og nemendur ræði saman um námið og viðfangsefnið í skólanum og leggi sameiginlegt mat á hvernig gangi, að nemendur taki aukna ábyrgð á náminu og mati á því, og að ýta undir að mat á námsframvindunni sé sem fjölbreyttast. Það er því mikilvægt að foreldrar gefi sér bærilegan tíma til að skoða möppuna með börnunum, en samhliða því er einnig nauðsynlegt að foreldrar og börn kíkji saman inn á mentor og skoði þar námsmarkmiðin og upplýsingar í verkefnabókum. Á þann hátt ætti á hverjum tíma að vera hægt að gera sér glögga mynd af stöðu nemenda í námi, árangri og vinnubrögðum, leggja línurnar með börnunum, hvetja og hrósa og koma á framfæri ábendingum til skólans eftir þörfum. Við höfum mikla trú á að þetta fyrirkomulag á námsmati gefi mun betri upplýsingar til foreldra og nemenda en einungis tölulegar einkunnir, en það er að sjálfsögðu ljóst að það tekur tíma fyrir okkur öll að læra á nýtt fyrirkomulag. Í gegnum tíðina hefur það verið nokkurt einkenni á flestum skólastigum að einkunnir séu það sem mestu máli skiptir, og er birtingarmyndin þá sú að allt snýst um að ná sem hæstri einkunn, en kastljósinu er oft síður beint að innihaldi námsins og raunverulegu námi eða þroska viðkomandi. Þetta er eitt af því sem við þurfum að snúa við, þ.e. að í stað þess að nemendur séu að keppa að ákveðnum einkunnum fari þeir að keppa að því að “læra sem mest” og taka sjálfir ábyrgð á að meta hvernig gengur í stað þess að biða einungis eftir “utanaðkomandi” dómi. Við þurfum því að vera óþreypandi við að ræða við börn okkar um námið, spyrja krefjandi spurninga og umfram allt að sýna því áhuga sem þau eru að fást við, því að þannig gefum við þeim skilaboðin um að námið skipti máli! Með von um skemmtilegan og árangursríkan febrúarmánuð.

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Skólaval - innritun í grunnskóla

Í febrúar stendur yfir innritun í grunnskóla bæjarins fyrir næsta vetur og er umsóknarfrestur til 24. febrúar. Í samræmi við skólustefnu Akureyrar hafa foreldrar val um skóla fyrir börn sín, í samræmi við ákveðnar viðmiðunarreglur um innritun. Því er mikilvægt að foreldrar kynni sér starfsemi skólanna vel og hvað þeir hafa upp á að bjóða. Til að auðvelda þetta hefur skóladeild tekið saman stutt ágríp um starfsemi skólanna á sérstaka vefsíðu en þar má einnig finna innritunarreglur, rafrænt umsóknarform o.fl. (sjá vefslóð hér fyrir neðan). Auk þess bjóða grunnskólarnir upp á „opið hús“ í febrúarmánuði sem foreldrar eru hvattir til að nýta sér og í Naustaskóla verður það miðvikudaginn 12. febrúar kl. 9-11. Rétt er að taka fram að hvert barn á rétt til skólagöngu í sínum hverfisskóla og er þá miðað við gömlu skólahverfin. Naustahverfi er að sjálfsögðu skólaverfi Naustaskóla en þar að auki geta börn til heimilis í Innbæ og Teigahverfi litið á Naustaskóla sem sinn hverfisskóla. **Foreldrar barna sem nú þegar eru í grunnskólum bæjarins en sjá fram á flutninga eða hafa í huga að skipta um skóla fyrir börn sín eru minntir á að núna er einmitt rétti tíminn til að innrita þau börn í nýjan skóla fyrir haustið!** Úthlutun kennslustunda og stöðuheimilda til skólanna fer eftir nemendafjölda og því afar áriðandi að réttar skráningar liggi fyrir í lok mánaðarins....

<http://www.akureyri.is/skoladeild/moya/page/skoalval-grunnskola>

Prýðilegur árangur í Lego-keppninni!

Naustaskóli sendi tvö lið til keppni í Legokeppninni „FirstLegoLeague“ sem haldin var í Háskólabíói þann 1. febrúar. Liðin voru skipuð átta nemendum úr 8. bekk annars vegar og átta nemendum úr 9.-10. bekk skólans hins vegar. Átti eldra liðið titil að verja, en þeir unnu keppnina í fyrri. Að þessu sinni tókst þó ekki að landa aðalverðlauninum en annað liðið hlaut verðlaun fyrir bestu rannsóknina sem er glæsilegur árangur. Allra mestu skiptir þó hið mikla nám sem fram hefur farið í undirbúningi keppinnar, sem er sannarlega margþættur, og ljóst að þessir nemendur eru reynslunni ríkari á eftir!



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Febrúar 2014

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
2.	3. Fiskibollur, kartöflur, gúrka og kryddjurta-sósa. Ávextir. Hundrað daga hátíð hjá 1. bekk	4. Íslensk kjötsúpa Salatbar Samverustund hjá 1.-7. bekk kl. 8:20 Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	5. Grænmetisbuff, brún hrísgrjón og súr-mjólkursósa. Ávextir Böll fyrir 1.-3. b. og 4.-7. bekk	6. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör Salatbar	7. Nautagúllas, kartöflustappa og salat. Ávextir Dagur stærðfræðinnar	8.
9.	10. Plokkfiskur, salat og rúgbrauð. Ávextir.	11. Lasagna, hrísgrjón og paprika. Ávextir. Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	12. Steiktur fiskur í raspi, salat og ostasósa. Salatbar. Opíð hús v/ skólavals 14:30-16:00	13. Pizza og salat. Ávextir.	14. Grjónagrautur og slátur. Salatbar. Ball fyrir 8.-10.b.	15.
16.	17. Hakk, spaghetti og salat. Ávextir.	18. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og tómatsósa. Salatbar. Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	19. Grisasnitsel, kartöflur, salat og brún sósa. Ávextir.	20. Karryostafiskur, hrísgrjón og salat. Ávextir.	21. Tómatsúpa og heimbakað brauð. Salatbar. Nemendadagurinn, skóla lýkur kl. 11:30	22.
23.	24. Soðinn fiskur, kartöflur, salat og smjör. Ávextir.	25. Hakkabuff, kartöflur, gúrka og lauksósa. Ávextir. Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	26. Ofnbakaður fiskur í blaðlauksósu, hrísgrjón og salat. Salatbar. Upplestrarkeppni 7. b	27. Steiktur kjúklingur, kartöflur, salat og sveppasósa. Ávextir.	28. Bláberjaskyr, brauð og álegg. Salatbar.	

Ball - Ball!

Miðvikudaginn 5. febrúar munu nemendur í 7. bekk halda dansleiki til fjáröflunar fyrir skóla-búðafærð þeirra. Kl. 16:00-17:30 verður ball fyrir nemendur í 1.-3. bekk og kl. 18:00-20:00 verður ball fyrir nemendur í 4.-6. bekk. Aðgangseyrir er 500 kr., djús og popp innifalið fyrir 1.-3. bekk en sjöppan opin fyrir 4-6. bekk.



Verk- og listgreinasýning

Í byrjun febrúar eru smíðjuskil hjá bæði 2.-3. bekk og 4.-7. bekk sem þýðir að þá eru allir nemendur í þessum árgöngum að ljúka kennslulotu í ákveðinni verk- eða listgrein og hefja nám í nýrri grein næstu vikurnar. Af þessu tilefni viljum við bjóða foreldrum þessara bekkja að kíkja við í stutta stund í skólanum **Þriðjudaginn 4. febrúar kl. 8:10** og skoða afrakstur kennslunnar, taka þátt í samverustund þar sem nemendur í leiklistarhópum stíga á stökk, smakka örlítið á sýnishornum frá heimilisfræðikennslunni o.fl.



Við minnum á vetrarfrí nemenda sem verður dagana 5.-10. mars. (5.-7. mars verður Frístund opin en mánudaginn 10. mars er skipulagsdagur og þá er Frístund lokuð)